



Skýrsla um eftirfylgni:  
*Sjúkrahúsið á Akureyri*

Apríl 2014

# Efnisyfirlit

Niðurstöður .....	3
1 Inngangur.....	5
2 Sjúkrahúsið á Akureyri.....	6
2.1 Úrdráttur úr skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2011 .....	6
2.2 Viðbrögð við ábendingum og mat á þeim.....	7

# Niðurstöður

Í skýrslunni *Sjúkrahúsið á Akureyri* (júní 2011) fjallaði Ríkisendurskoðun um skipulag, stefnumótun og stjórnun Sjúkrahússins á Akureyri. Einkum var leitast við að meta hvort þessir þrjú þættir stuðluðu að því að sjúkrahúsið sinnti verkefnum sínum með árangursríkum hætti.

Fram kom í skýrslunni að niðurskurður fyrri ára hefði sett mark sitt á starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri. Þá hafi árið 2011 ríkt óvissa um framtíðarskipulag heilbrigðismála á Norðurlandi vegna fyrirhugaðra breytinga, s.s. sameiningar heilbrigðisstofnana og flutnings öldrunarþjónustu til sveitarfélaga, sem engin niðurstaða fékkst þó í. Engin stefna hafi verið í gildi fyrir sjúkrahúsið eftir að eldri stefna þess rann út í árslok 2010. Að mati starfsmanna leið sjúkrahúsið fyrir skort á skýrri stefnu og faglegri framtíðarsýn.

Í skýrslunni kom fram að Ríkisendurskoðun hefði rætt við stjórnendur og starfsfólk sjúkrahússins og gert rafræna viðhorfskönnun meðal þeirra í febrúar 2011. Í ljós hafi komið að óánægja ríkti með skipulag og stjórnun sjúkrahússins, m.a. tölvu- og upplýsingatæknimál og starfshætti framkvæmdastjórnar. Hún þótti ekki nógu sýnileg og var talin bregðast seint við erindum starfsmanna. Árið 2011 var sjúkrahúsinu stjórnað af fjögurra manna framkvæmdastjórn og um 50 millistjórnendum sem heyrðu beint undir hana. Viðhorfskönnunin sýndi að aðeins um helmingur stjórnenda sjúkrahússins taldi verksvið sitt vel skilgreint og að þeir hefðu nægar upplýsingar til að sinna starfi sínu vel.

Fram kom að Sjúkrahúsið á Akureyri hefði glímt við skort á læknum sem ekki væri eingöngu tilkominn vegna almenns læknskorts í landinu heldur einnig vegna þess að læknar hefðu látið af störfum sökum óánægju með stjórnun þess. Talið var að á sumum deildum störfuðu svo fáir læknar að öryggi sjúklinga kynni að vera ógnað. Fyrirkomulag svokallaðra ferliverka, þ.e. lækni meðferð sem veita má bæði innan og utan sjúkrahúsa, væri meðal þess sem valdið hefði togstreitu hjá læknum. Sjúkrahúsið hefði gert samninga við tiltekna lækna um að þeir gætu unnið hluta af vinnuskyldu sinni með ferliverkum og fengið greitt samkvæmt gjaldskrá. Aðrir læknar væru eingöngu á fastlaunasamningum. Þetta hefði m.a. leitt til þess að starfsemi sumra sérgreina hafði flust í auknum mæli á einkastofur lækna sem veikti sjúkrahúsið sem kennslusjúkrahús.

Alls setti Ríkisendurskoðun fram níu ábendingar í skýrslu sinni árið 2011, þrjár til velferðarráðuneytis, fimm til Sjúkrahússins á Akureyri og eina til Embættis landlæknis.

Ábendingar til velferðarráðuneytis sneru að því að ákveða þyrfti framtíðarskipulag heilbrigðismála á Norðurlandi, tryggja að framkvæmdastjórn sjúkrahússins sinnti starfi sínu vel og að endurskoða þyrfti fyrirkomulag ferliverka. Í upplýsingum velferðarráðuneytis til Ríkisendurskoðunar árið 2014 um það hvernig brugðist hafi verið við ábendingunum kom fram að ráðherra hafi tekið ákvörðun um framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi og áformi að gefa út reglugerð þar um sem taki gildi haustið 2014. Þá taldi

Úttekt á skipulagi, stefnumótun og stjórnun árið 2011

Óánægja með skipulag og stjórnun sjúkrahússins

Skortur á læknum kynni að ógna öryggi sjúklinga

Þrjár ábendingar til velferðarráðuneytis árið 2011

Ekki þörf á að ítreka ábendingar til velferðarráðuneytis

ráðuneytið að með breyttu skipulagi og nýjum stjórnendum hafi verið tekið markvisst og af festu á málefnum sjúkrahússins og að stjórnendur þess sinni skyldum sínum vel. Loks kom fram að mjög hafi dregið úr vægi ferliverkaþjónustu á sjúkrahúsinu en mönnun lækna sé viðkvæm og valdboð gagnvart þessu fyrirkomulagi geti sett þjónustuna í uppnám. Þá sé ráðuneytið að leggja lokahönd á útfærslu aðgerða tengdum þjónustustýringu sem eigi að koma í veg fyrir að lækna geti fært verkefni frá sjúkrahúsum, fengið greitt frá Sjúkratryggingum Íslands og verið þannig í samkeppni við vinnuveitanda sinn. Ríkisendurskoðun hvetur velferðarráðuneyti til að tryggja að reglugerð um framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi taki gildi haustið 2014 og ljúka jafnframt við útfærslu aðgerða vegna þjónustustýringar hið fyrsta en telur ekki þörf á að ítreka ábendingar sínar.

Sjúkrahúsið hefur brugðist við þeim fimm ábendingum sem til þess var beint

Ábendingar til Sjúkrahússins á Akureyri sneru að því að móta þyrfti nýja stefnu og framtíðarsýn með áherslu á faglega framþróun klínískrar starfsemi, endurskipuleggja þyrfti starfsemina, t.d. með því að fækka starfseiningum, og efla framkvæmdastjórn, brýnt væri að framkvæmdastjórn breytti starfsháttum sínum, að endurskoða þyrfti umsýslu tölvumála, sem og fyrirkomulag ferliverka. Í ársbyrjun 2014 fékk Ríkisendurskoðun upplýsingar hjá sjúkrahúsinu um þróun þessara mála. Þar kom fram að ný stefna og framtíðarsýn til ársins 2017 hafi verið samþykkt í árslok 2011 og breytingar á stjórnskipulagi og skipuriti verið staðfest af velferðarráðuneyti í nóvember 2012. Þá leggi ný framkvæmdastjórn m.a. áherslu á að bregðast skjótt við málum sem upp koma og upplýsa starfsmenn um framvindu stefnumála, t.d. með reglubundnum pistlum forstjóra og framkvæmdastjóra og því að hafa fundargerðir framkvæmdastjórnar aðgengilegar. Gerð hafi verið úttekt á starfsemi tölvudeildar, hún verið flutt til í skipuriti og að unnið sé að lokafrágangi á stefnu í tölvu- og upplýsingatæknimálum. Þá kom fram að ferliverkum hafi fækkað en í ljósi takmarkaðs framboðs á sérfræðilæknum og tregrar nýliðunar séu einhliða breytingar í þessu efni ekki vænlegar. Sjúkrahúsið leitist því við að fá lækna til starfa og tryggja þjónustu við sjúklinga með skýrum reglum um ferliverkasamninga og eftirliti með framkvæmd þeirra. Ríkisendurskoðun fellst á skýringar sjúkrahússins varðandi ferliverkin og telur að það hafi brugðist við ábendingum sínum frá árinu 2011 með þeim hætti að ekki sé þörf á að ítreka þær.

Embætti landlæknis hefur brugðist við ábendingunni

Ríkisendurskoðun taldi að viðvarandi læknaskortur kynni að ógna öryggi sjúklinga á Sjúkrahúsinu á Akureyri og hvatti Embætti landlæknis til að gera úttekt á því hvort mönnun deilda uppfyllti faglegar öryggiskröfur, ásamt því að setja fram tillögur að úrbótum ef þörf krefði. Embættið gerði heildarúttekt á sjúkrahúsinu vorið 2012. Niðurstöður hennar voru birtar í skýrslunni *Úttekt á gæðum og öryggi þjónustu Sjúkrahússins á Akureyri* sem finna má á heimasíðu embættisins. Ríkisendurskoðun telur að embættið hafi brugðist við ábendingunni með þeim hætti að ekki sé þörf á að ítreka hana.

Í ljósi framangreinds lýkur Ríkisendurskoðun hér með að sinni afskiptum sínum af þeim málum sem fjallað var um í skýrslunni *Sjúkrahúsið á Akureyri* (2011).

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun Alþingis og sækir heimild sína til stjórn-sýsluendurskoðunar í 9. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Slík endurskoðun felst í því að kanna meðferð og nýtingu á almannafé, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri ríkisstofnana og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í því sambandi. Ríkisendurskoðun gerir hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum, vekur athygli á því sem hún telur að hafi farið úrskeiðis í rekstri og bendir á leiðir til úrbóta.

Ríkisendurskoðun  
sjálfstæð eftirlits-  
stofnun Alþingis

Í samræmi við staðal Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) um stjórnsýsluendurskoðun (ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun hverri úttekt sinni eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum hennar. Í því sambandi leggur stofnunin megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi. Slík eftirfylgni fer alla jafna fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslu.

Í desember 2010 óskaði heilbrigðisráðuneyti (nú velferðarráðuneyti) eftir að Ríkisendurskoðun gerði úttekt á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Beiðnin kom í framhaldi af ályktun lækna ráðs sjúkrahússins frá október 2010 um að heilbrigðisráðherra léti gera úttekt á starfsemi þess, bæði stjórnunarlega og rekstrarlega. Lýsti lækna ráðið áhyggjum af þróun mála, m.a. vegna brotthvarfs lækna frá sjúkrahúsinu og erfiðleika við að manna lausar stöður. Ríkisendurskoðun varð við beiðni ráðuneytisins.

Úttektin árið 2011 byggði að stórum hluta á viðtölum við um þrjátíu þáverandi og fyrrverandi stjórnendur og starfsmenn Sjúkrahússins á Akureyri og fulltrúa lækna ráðs þess, velferðarráðuneytis og Embættis landlæknis, auk niðurstaðna úr rafrænni viðhorfskönnun sem Ríkisendurskoðun gerði meðal stjórnenda og starfsmanna sjúkrahússins í febrúar það ár. Alls fengu 370 starfsmenn könnunina og 237 þeirra svöruðu, eða 64%. Úttektin náði ekki til fjármálastjórnunar sjúkrahússins né heldur var lagt mat á skilvirkni og gæði klínískrar starfsemi.

Við mat á því árið 2014 hvort brugðist hafi verið við ábendingum Ríkisendurskoðunar frá árinu 2011 var aflað upplýsinga hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri, velferðarráðuneyti og Embætti landlæknis. Þessir aðilar fengu einnig drög að skýrslunni til umsagnar. Ríkisendurskoðun þakkar þeim öllum gott samstarf.

## 2 Sjúkrahúsið á Akureyri

### 2.1 Úrdráttur úr skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2011

Í skýrslunni [Sjúkrahúsið á Akureyri](#) (júní 2011) fjallaði Ríkisendurskoðun um skipulag, stefnumótun og stjórnun annars stærsta sjúkrahúss landsins, sem jafnframt er vara-sjúkrahús fyrir Landspítala og kennslusjúkrahús. Einkum var leitast við að meta hvort framangreindir þættir stuðluðu að því að starfsemi sjúkrahússins væri árangursrík.

Í skýrslunni kom fram að í ársbyrjun 2011 hefði fjögurra manna framkvæmdastjórn stýrt sjúkrahúsinu, þ.e. forstjóri, framkvæmdastjóri fjármála og reksturs, framkvæmdastjóri hjúkrunar og framkvæmdastjóri lækninga. Um 50 millistjórnendur heyrðu undir framkvæmdastjórn og starfsmenn voru um 600. Kjarnasviðin voru þrjú en starfseiningar 38 og margar þeirra smáar. Boðleiðir virtust stuttar en svo var ekki í reynd vegna fjölda stjórnenda sem heyrði undir hvern framkvæmdastjóra. Ríkisendurskoðun benti á að slíkt skipulag gæti haft neikvæð áhrif á árangur. Viðhorfskönnun stofnunarinnar frá febrúar 2011 sýndi að aðeins 59% stjórnenda sem tóku þátt töldu verksvið sitt vel skilgreint og 56% töldu sig fá nauðsynlegar upplýsingar til að geta sinnt starfi sínu vel.

Fram kom að óánægja ríkti meðal starfsmanna með störf framkvæmdastjórnar. Hún þætti ekki nógu sýnileg, auk þess sem stjórnun sjúkrahússins væri um margt ábótavant, t.d. væri erindum frá starfsmönnum oft svarað seint eða jafnvel alls ekki. Þá hefði fólk verið ráðið til starfa án auglýsingar og hæfnismats, ekki væri brugðist við aðkallandi vandamálum og festu skorti í málefnum sjúkrahússins. Einnig væru tölvu- og upplýsingatæknimál ófullnægjandi, bæði hvað varðaði hugbúnað og þjónustu við kerfi. Í viðhorfskönnun Ríkisendurskoðunar töldu 70% svarenda faglegan metnað í hávegum hafðan á sjúkrahúsinu og 72% voru stoltir af að vinna þar. Jafnframt töldu 83% svarenda starfsanda á sinni deild góðan og rúm 95% að þeir hefðu greiðan aðgang að næsta yfirmanni. Þá hafði rekstur árána 2009–10 verið innan fjárheimilda, starfsmannavelta í heild verið lítil og starfsmenn fengu oft jákvæða umsögn um þjónustu sjúkrahússins.

Ríkisendurskoðun taldi að efla þyrfti framkvæmdastjórn sjúkrahússins til að hún gæti betur sinnt hlutverki sínu á faglegan og árangursríkan hátt, m.a. með því að endurskipuleggja starfsemina. Leggja þyrfti af tvöfalda yfirstjórn lækna á deildum og fækka millistjórnendum með því að sameina starfseiningar undir fá vel skilgreind kjarnasvið sem lytu stjórn eins yfirstjórnanda með sæti í framkvæmdastjórn. Þetta gæti styrkt hana bæði faglega og fjárhagslega. Þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út árið 2011 hafði sjúkrahúsið hafist handa við slíka endurskipulagningu. Það horfði í því sambandi til reynslu Landspítala og hafði fengið ráðgjafa sér til aðstoðar.

Í skýrslunni kom fram að árin 2005–10 hafi sjúkrahúsið starfað í samræmi við samþykktu stefnu en árið 2011 hefði ný stefna ekki enn verið mótuð, m.a. vegna þess að niðurskurður fjárveitinga árin 2009 og 2010 hefði sett mark sitt á starfsemina og brýnni verkefni fengið forgang. Niðurstöður viðhorfskönnunar Ríkisendurskoðunar sýndu að aðeins 39% svarenda töldu stefnu sjúkrahússins skýra. Stofnunin hvatti það

Óánægja með störf framkvæmdastjórnar

Efla þyrfti framkvæmdastjórn og endurskipuleggja starfsemina

39% töldu stefnu sjúkrahússins skýra



til að móta sér nýja stefnu og hafa m.a. til hliðsjónar mat á árangri stefnunnar frá 2005–10. Erfitt væri fyrir starfsmenn að vinna samhent og markvisst að sameiginlegum áherslum ef ekki lægi skýrt fyrir hverjar þær væru. Þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út árið 2011 hafði sjúkrahúsið hafið vinnu við mótun nýrrar stefnu.

Fram kom að sjúkrahúsið teldi mikilvægt að velferðarráðuneyti skýrði stefnu sína um skipulag heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi, t.d. varðandi sameiningu heilbrigðisstofnana. Þá þyrfti ráðuneytið að ákveða hvort það myndi beita sér fyrir flutningi öldrunarþjónustu til sveitarfélaga. Ríkisendurskoðun tók undir þessi sjónarmið og taldi að breytt fyrirkomulag heilbrigðismála á svæðinu gæti m.a. leitt til aukinna verkefna fyrir sjúkrahúsið og styrkt stöðu þess til lengri tíma litið. Þá þyrfti stefnumótun þess til næstu ára að geta tekið mið af framtíðaráformum stjórnvalda í þessum efnunum.

Í skýrslunni kom fram að lækna sem ekki væru í fullu starfi hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri gætu samið um að vinna starfshlutfallið sem upp á vantaði sem ferliverk<sup>1</sup> og fengið greitt fyrir samkvæmt sérstakri gjaldskrá, ýmist frá sjúkrahúsinu sjálfu eða Sjúkratryggingum Íslands. Slíkir samningar væru taldir laða lækna til sjúkrahússins því þeir ykju tekjumöguleika þeirra. Tækifæri til ferliverka væru hins vegar mismunandi eftir sérgreinum og hefðu, vegna breytinga á greiðslumati verka, skapað aðstöðumun meðal lækna. Þá hefði starfsemi sumra sérgreina sjúkrahússins færst í auknum mæli á einkastofur lækna sem m.a. veikti stöðu þess sem kennslusjúkrahúss. Þróun ferliverka og óánægja lækna með stjórnun og skipulag sjúkrahússins hefðu leitt til þess að erfitt væri að fá lækna til starfa á sjúkrahúsinu og þeim hefði fækkað svo mikið að mögulegt væri að það ógnaði öryggi sjúklinga.

Stjórnvöld þyrftu að skýra stefnu sína í skipulagi heilbrigðismála

Erfitt að fá lækna til starfa vegna þróunar ferliverka og óánægju með stjórnun

## 2.2 Viðbrögð við ábendingum og mat á þeim

Ríkisendurskoðun setti alls fram níu ábendingar í skýrslu sinni árið 2011, þrjár til velferðarráðuneytis, fimm til Sjúkrahússins á Akureyri og eina til Embættis landlæknis. Velferðarráðuneyti var hvatt til að ákveða framtíðarskipulag heilbrigðismála á Norðurlandi, tryggja að stjórnendur sjúkrahússins sinntu skyldum sínum og endurskoða fyrirkomulag ferliverka. Sjúkrahúsið á Akureyri var hvatt til að móta nýja stefnu fyrir sjúkrahúsið, endurskipuleggja starfsemina, efla framkvæmdastjórn og breyta starfsháttum hennar, auk þess að endurskoða umsýslu tölvumála og fyrirkomulag ferliverka. Embætti landlæknis var hvatt til að gera úttekt á öryggi sjúklinga á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Árið 2014 telur Ríkisendurskoðun að brugðist hafi verið við þessum ábendingum með þeim hætti að ekki sé þörf á að ítreka þær.

Níu ábendingar settar fram árið 2011

## Ábendingar til velferðarráðuneytis

### 1. Ákveða verður framtíðarskipulag heilbrigðismála á Norðurlandi

Árið 2011 voru uppi hugmyndir um að sameina heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi undir forystu Sjúkrahússins á Akureyri og að öldrunarþjónusta flyttist til sveitarfélaga. Engin niðurstaða hafði fengist í málið og því hvatti Ríkisendurskoðun velferðarráðuneyti til að taka ákvörðun um framtíðarskipulag heilbrigðismála á Norðurlandi. Nauð-

<sup>1</sup> Læknismeðferð sem unnt er að veita hvort sem er á læknaðum utan sjúkrahúsa eða á sjúkrahúsum og krefst ekki innlagnar á sjúkradeild nema í undantekningartilvikum (skv. reglugerð nr. 1100/2012).

synlegt væri fyrir stofnanir á svæðinu að vita hvert framtíðarskipulagið ætti að vera til að þær gætu unnið stefnumótun sína og áætlanir í samræmi við það.

Í viðbrögðum sínum við ábendingunni árið 2011 benti velferðarráðuneyti á að skipulag heilbrigðismála á Norðurlandi og áform um sameiningar hefðu mótast undanfarin ár af þeim fjárhagslegu aðstæðum sem skapast hefðu í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Þá hefðu áherslur sitjandi ráðherra verið breytilegar. Í byrjun árs 2009 hefði þáverandi ráðherra t.d. tilkynnt áform um sameiningu allra heilbrigðisstofnana á Norðurlandi. Við ráðherraskipti skömmu síðar hefði verið hægt á ferlinu og heilbrigðisstofnanir á Siglufirði og Ólafsfirði verið sameinaðar þegar þessi bæjarfélög sameinuðust. Árið 2011 væri það stefna ráðuneytisins að fela stofnunum í heilbrigðisumdæminu að leita leiða til samstarfs og skoða þætti sem leitt gætu til hagræðingar, þ.m.t. sameiningu stofnana. Sú vinna væri í gangi undir stjórn forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri. Ráðuneytið hefði fylgst vel með henni og stutt eftir megni, mætt á fundi og tekið málið upp í heimsóknum á allar stofnanirnar. Ákvörðun ráðuneytisins um sameiningar myndi að verulegu leyti byggjast á tillögum heimamanna.

Stofnunum falið að leita leiða til hagræðingar og samstarfs árið 2011

Þann 9. janúar 2014 fékk Ríkisendurskoðun upplýsingar frá velferðarráðuneyti um þróun mála frá árinu 2011. Þar kom fram að núverandi heilbrigðisráðherra hafi ákveðið að heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi verði sameinaðar á árinu 2014, þ.e. heilbrigðisstofnanirnar á Blönduósi, Sauðárkróki og í Fjallabyggð og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, auk Heilsugæslunnar á Akureyri og Heilsugæslustöðvarinnar á Dalvík. Sjúkrahúsið á Akureyri verði ekki aðili að þeirri sameiningu. Áformað sé að reglugerð vegna þessa taki gildi haustið 2014. Hins vegar hafi verið hægt á áformum um flutning á málefnum aldraðra til sveitarfélaga og óljóst hvenær af honum verði.

Unnið að undirbúningi sameininga árið 2014

Ríkisendurskoðun fagnar því að skipulagsmál heilbrigðisþjónustunnar á Norðurlandi hafi skýrst og hvetur ráðuneytið til að tryggja að reglugerð um sameiningu framangreindra heilbrigðisstofnana á Norðurlandi taki gildi haustið 2014 eins og áformað er. Stofnunin telur ekki þörf á að ítreka ábendingu sína.

## 2. Tryggja verður að framkvæmdastjórnin sinni starfi sínu vel

Ríkisendurskoðun benti á að velferðarráðuneyti yrði að gera þá kröfu að forstjóri og framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri sinntu stjórnunarskyldum sínum með fullnægjandi hætti og tækju markvisst og af festu á málefnum sjúkrahússins. Ella yrði ráðuneytið að grípa til viðeigandi ráðstafana. Meðal annars yrði það að styðja við sjúkrahúsið í nauðsynlegum skipulagsbreytingum.

Í viðbrögðum velferðarráðuneytis við ábendingunni árið 2011 kvaðst það gera þá kröfu að forstjóri og framkvæmdastjórn sjúkrahússins sinntu verkefnum sínum með fullnægjandi hætti. Ráðuneytið teldi rétt að framkvæmdastjórnin kynnti sér nýafstaðnar skipulagsbreytingar á Landspítala og hygðist styðja hana við að tryggja framtíð sjúkrahússins með öflugri og faglegri stjórnun. Þá benti ráðuneytið á að Embætti landlæknis hefði lögbundið eftirlit með faglegri starfsemi sjúkrahússins og að það hefði beint til þess erindum þar að lútandi. Hins vegar hafi ráðuneytið haft rekstrarlegt eftirlit með sjúkrahúsinu og fylgst vel með stöðu þess, m.a. hafi vinnuhópur á þess vegum heim-sótt stofnunina vorið 2011 til að fara með stjórnendum yfir fjárhagsstöðuna.

Ráðuneytið hugðist styðja við stjórnina í fyrirhuguðum breytingum



Þegar Ríkisendurskoðun spurðist fyrir um þróun mála í ársbyrjun 2014 benti velferðarráðuneyti á að miklar breytingar hefðu orðið á framkvæmdastjórn sjúkrahússins og skipuriti frá því skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út árið 2011. Nýr forstjóri hafi t.d. verið ráðinn í mars 2012 og nýtt skipurit tekið gildi 1. janúar 2013. Þá hafi sjúkrahúsið sett sér stefnu og framtíðarsýn til ársins 2017. Að mati ráðuneytisins væri tekið markvisst og af festu á málefnum sjúkrahússins og stjórnendur sinni skyldum sínum.

Að mati ráðuneytisins var tekið á málefnum markvisst og af festu árið 2014

Ríkisendurskoðun telur að brugðist hafi verið við ábendingunni með þeim hætti að ekki sé þörf á að ítreka hana. Stofnunin hvetur ráðuneytið engu að síður til að hafa áfram öflugt eftirlit með starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri.

### 3. Endurskoða þarf fyrirkomulag ferliverka

Ríkisendurskoðun benti á að endurskoða þyrfti fyrirkomulag ferliverka hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri. Teldi velferðarráðuneyti mikilvægt að sjúkrahúsið byði læknum sínum áfram upp á ferliverkasamninga yrði að setja skýrar reglur um framkvæmd þeirra og eftirfylgd. Þá þyrfti ráðuneytið að taka afstöðu til þess hvort sporna ætti við því að læknar færðu verkefni frá sjúkrahúsinu á einkastofur sínar, fengju greitt frá Sjúkratryggingum Íslands og væru þannig í samkeppni við vinnuveitanda sinn.

Í viðbrögðum velferðarráðuneytis við ábendingunni árið 2011 kom fram að fyrirkomulag við ferliverk hefði lengi verið í skoðun. Stjórnendur sjúkrahússins hafi áður fyrr viljað viðhalda samningum um ferliverk en teldu nú rétt að afnema þá. Fyrirkomulagið væri í skoðun, ekki síst með tilliti til þess að sérfræðipjónusta dreifðist sem jafnast yfir landið. Skoða þyrfti þjónustu sérgreinalækna á landinu öllu, ekki síst þjónustu sem veita mætti á göngudeildum en einnig þá sem hægt væri að veita með skemmri legum eða dagdeildarþjónustu. Þessi vinna væri hafin í ráðuneytinu.

Fyrirkomulag ferliverka á sjúkrahúsum í skoðun hjá ráðuneytinu árið 2011

Þegar Ríkisendurskoðun fylgdi ábendingunni eftir í ársbyrjun 2014 benti velferðarráðuneyti á að margir læknar hefðu sagt upp samningi um ferliverk og nú væru mun færri læknar en áður með slíka samninga við Sjúkrahúsið á Akureyri. Að mati stjórnenda sjúkrahússins yrði kostnaðarsamt að breyta þessum samningum, auk þess sem mönnum lækna á sjúkrahúsinu væri viðkvæm og einhliða ákvörðun um að hætta gerð þeirra gæti sett þjónustuna í uppnám. Stjórnendur hafi því ekki treyst sér til að stíga það skref í ljósi mikillar áhættu og lítils ávinnings. Jafnframt greindi ráðuneytið frá því að verið væri að leggja lokahönd á útfærslu aðgerða sem beinist að þjónustustýringu í heilbrigðisþjónustu. Þegar þeim verði hrundið í framkvæmd muni læknar ekki geta fært verkefni frá sjúkrahúsum á einkastofur sínar, fengið greitt frá Sjúkratryggingum Íslands og verið þannig í samkeppni við vinnuveitanda sinn.

Fækkun ferliverka og útfærsla þjónustustýringar árið 2014

Ríkisendurskoðun fagnar því að velferðarráðuneyti skuli nú vinna að útfærslu aðgerða sem beinast að þjónustustýringu í heilbrigðisþjónustu og hvetur það til að ljúka þeirri vinnu sem fyrst. Stofnunin telur ekki þörf á að ítreka ábendingu sína.

## Ábendingar til Sjúkrahússins á Akureyri

### 1. Móta verður nýja stefnu og framtíðarsýn

Ríkisendurskoðun hvatti Sjúkrahúsið á Akureyri til að móta nýja stefnu með áherslu á faglega framþróun klínískrar starfsemi, ásamt skýrri aðgerðaáætlun og árangurs-

mælikvörðum. Það yrði að móta stefnu sína miðað við þáverandi aðstæður, þ.e. óháð ákvörðun velferðarráðuneytis um framtíðarskipulag heilbrigðismála á Norðurlandi og önnur mál, s.s. flutning öldrunarþjónustu til sveitarfélaga.

Í viðbrögðum sínum við ábendingunni árið 2011 benti Sjúkrahúsið á Akureyri á að það hefði hagrætt í rekstri um 500 m.kr. árin 2009 og 2010 sem hefði leitt til fækkunar starfa og skerðingar á þjónustu. Við hagræðinguna hefðu stjórnendur haft hagsmuni sjúklinga og klínískrar starfsemi í huga, sem og stefnu sjúkrahússins, m.a. í öldrunarmálum. Þá stýddist sjúkrahúsið við skýrslu velferðarráðuneytis um forgangsörðun sem m.a. kvæði á um að bráðþjónusta við sjúklinga hefði forgang fram yfir valstarfsemi. Framkvæmdastjórn vissi ekki til að niðurskurðurinn hefði verið á kostnað öryggis sjúklinga. Bæði velferðarráðuneyti og landlæknir hefðu verið upplýst um gang mála án þess að rekstrarlegar eða faglegar athugasemdir hafi verið gerðar. Í ársskýrslu sjúkrahússins fyrir árið 2010 væri árangursmat á stefnu árána 2005–10 sem sýndi að það hefði náð flestum markmiðum sínum. Hafin væri vinna við nýja framtíðarsýn og stefnumótun sem ætti að liggja fyrir í október 2011. Sjúkrahúsið áformaði fundi með hagsmunasamtökum og íbúum vegna vinnu við framtíðarsýnina þar sem viðhorf þeirra til starfseminnar yrði kannað, sem og hvaða þjónustu skorti á landsbyggðinni. Þá hefði sjúkrahúsið haft forgöngu um fundi með forstöðumönnum heilbrigðisstofnana á Norðurlandi til að kanna möguleika á samstarfi og samlegð af sameiningu. Sjúkrahúsið benti á að það myndi auðvelda vinnu við mótun framtíðarsýnar ef almennt framtíðarsýn heilbrigðismála frá velferðarráðuneyti væri fyrir hendi.

Árið 2011 hóf sjúkrahúsið vinnu við nýja framtíðarsýn og stefnumótun

Í ársbyrjun 2014 kannaði Ríkisendurskoðun þróun mála frá árinu 2011 og fékk þær upplýsingar frá Sjúkrahúsinu á Akureyri að stefna og framtíðarsýn til ársins 2017 hefðu verið kynnt á fundi með starfsmönnum og velferðarráðherra þann 2. nóvember 2011. Stefnumótunin hafi verið unnin í samráði við starfsmenn og stjórnendur. Þá hafi verið leitað til helstu hagsmunaaðila og haldinn borgarafundur með íbúum Akureyrar. Samhliða stefnu og framtíðarsýn hafi verið sett fram skýr aðgerðaáætlun og árangursmælikvarðar. Lykilaðgerðir séu uppfærðar árlega. Framtíðarsýnin ásamt stefnu, aðgerðaáætlun og mælikvörðum eru aðgengileg á heimasíðu sjúkrahússins, [Sjúkrahúsið á Akureyri. Stefna og framtíðarsýn til 2017.](#)

Framtíðarsýn, stefna, aðgerðaáætlun og mælikvarðar til staðar árið 2014

Ríkisendurskoðun telur að Sjúkrahúsið á Akureyri hafi brugðist við ábendingunni frá árinu 2011 með þeim hætti að ekki sé þörf á að ítreka hana.

## 2. Endurskipuleggja þarf starfsemina og efla framkvæmdastjórn

Ríkisendurskoðun benti á að efla þyrfti framkvæmdastjórn sjúkrahússins á Akureyri og breyta skipulagi starfseminnar. Í því sambandi lagði stofnunin til að komið yrði á fót vel skilgreindum kjarnasviðum og framkvæmdastjóri hvers kjarnasviðs ætti sæti í framkvæmdastjórn sjúkrahússins. Þannig mætti efla faglega og fjárhagslega stjórnun og klínískar áherslur í starfi þess. Þá taldi Ríkisendurskoðun að sjúkrahúsið yrði að leggja af tvöfalda yfirstjórn lækna yfir einstökum deildum.

Árið 2011 áformaði sjúkrahúsið endurskipulagningu

Í viðbrögðum sjúkrahússins við ábendingunni árið 2011 kom fram að ný framtíðarsýn og stefna fyrir sjúkrahúsið myndu kalla á nýtt skipurit sem tæki mið af nýjum kjarnasviðum. Áformað væri að skipuritið, sem myndi efla faglega stjórnendur enn

frekar, lægi fyrir haustið 2011. Þá benti sjúkrahúsið á að rekstur þess hefði verið innan fjárheimilda og hvorki verið fundið að fjárhagslegri né rekstrarlegri stjórnun þess. Þjónusta við sjúklinga væri góð samkvæmt könnunum, starfsmannavelta lítil og starfsánægja mikil. Helstu mælikvarðar um gæði þjónustu hafi einnig gefið jákvæðar niðurstöður og mætti því segja að starfsfólk sjúkrahússins hafi staðið sig afar vel á tímum niðurskurðar og kreppu.

Í upplýsingum Sjúkrahússins á Akureyri til Ríkisendurskoðunar árið 2014 kom fram að stjórnskipulag sjúkrahússins hafi verið endurskoðað og skipuriti þess breytt. Nú væri lögð aukin áhersla á þjónustu slysa- og bráðamóttöku, gæðastarfsemi og þjónustu við sjúklinga án innlagna. Sjúkrahúsinu hafi verið skipt upp í fjögur svið, þ.e. lyflækningasvið, handlækningasvið, bráða-, fræðslu- og gæðasvið og fjármálasvið. Auglýst hafi verið eftir nýjum framkvæmdastjórum fyrir klínísku sviðin sem tóku til starfa 1. febrúar 2012. Framkvæmdastjórar ásamt forstjóra skipi framkvæmdastjórn sjúkrahússins. Í framhaldi af skipulagsbreytingunum hafi sjúkrahúsið unnið stjórnskipulag fyrir einstök svið sem staðfest hafi verið af velferðarráðuneyti og tekið gildi 1. janúar 2013. Markmið breytinganna væri að bæta stjórnun, gera hana markvissari og skýra ábyrgðarsvið. Starfslýsingar og verkefnalýsingar hafi verið endurskoðaðar með hliðsjón af þessum breytingum. Nú séu 30 stjórnendur (forstöðumenn) með þríþætta stjórnunarábyrgð, auk framkvæmdastjórnar. Með þríþættri stjórnunarábyrgð er átt við stjórnun starfsmanna, fags og reksturs. Auk þessa hóps séu skilgreindir starfsmenn með fagumsjón í samráði við forstöðumenn og framkvæmdastjóra. Stjórnskipulag og ábyrgðarsvið stjórnenda sé á innri vef sjúkrahússins, sem og starfsreglur um ráðningar og ráðningarvald. Skipuritið er aðgengilegt á [heimasíðu sjúkrahússins](#).

Árið 2014 hefur stjórnskipulag verið endurskoðað og skipuriti breytt

Ríkisendurskoðun telur að Sjúkrahúsið á Akureyri hafi brugðist við ábendingunni frá árinu 2011 með þeim hætti að ekki sé þörf á að ítreka hana.

### 3. Brýnt er að framkvæmdastjórn breyti starfsháttum sínum

Ríkisendurskoðun lagði áherslu á að það yrði að vera hafið yfir vafa að framkvæmdastjórn sjúkrahússins hefði hagsmuni klínískrar starfsemi, og þar með sjúklinga, ávallt að leiðarljósi í störfum sínum og ákvörðunum. Hún yrði að vera faglegri og sýnilegri en fyrr, bregðast hratt og málefnalega við erindum og ábendingum starfsmanna, taka markvisst og af festu á erfiðum málum sem upp kæmu og sjá til þess að millistjórnendur þekktu verksvið sitt og sinntu stjórnunarskyldum sínum. Þá lagði Ríkisendurskoðun áherslu á að starfsmenn væru ekki ráðnir til starfa án auglýsinga og að undangengnu faglegu mati á hæfni þeirra, reynslu og þekkingu. Þetta væri sérstaklega mikilvægt þegar lykilstarfsmenn sjúkrahússins ættu í hlut. Loks þyrfti að leggja mat á árangur af framkvæmd samhæfðs árangursmats næstliðin fimm ár.

Í viðbrögðum sjúkrahússins við ábendingu Ríkisendurskoðunar árið 2011 kom fram að ný framkvæmdastjórn hefði þegar breytt áherslum í starfseminni. Það væri eðlileg og sjálfsgöð krafa að framkvæmdastjórn sem og stjórnendur brygðust „hratt og málefnalega við erindum og ábendingum starfsmanna“. Hins vegar gætu starfsmannamál tekið tíma og þau þyrfti að leysa innan ramma starfsmannalaga. Þá ætlaði sjúkrahúsið að bregðast við ábendingu um að millistjórnendur þekktu verksvið sitt ekki nógu vel og sinntu ekki stjórnunarskyldum sínum. Starfslýsingar hefðu verið

Árið 2011 hugðist ný stjórn bregðast markvisst við ábendingunni

endurskoðaðar og framkvæmdastjórnin myndi funda með öllum millistjórnendum vegna þeirra. Sjúkrahúsið teldi að verksemi millistjórnenda myndi skýrast enn frekar með nýju skipuriti og væntanlegri stjórnendabjálfun haustið 2011. Þá kom fram að starfsfólk væri almennt ekki ráðið til starfa án auglýsinga þó dæmi væru um að það hefði verið fært milli starfa vegna breytinga á skipuriti. Það væri heimilt samkvæmt 19. grein starfsmannalaga. Farið væri eftir lögum hvað þetta varðaði og faglegt mat fengið um hæfni starfsmanna eins og við ætti.

Þegar Ríkisendurskoðun fylgdi ábendingunni eftir árið 2014 kom fram í svörum Sjúkrahússins á Akureyri að nýtt stjórnskipulag og nýjar starfsreglur fyrir sjúkrahúsið hafi m.a. haft í för með sér breytingar á starfsháttum framkvæmdastjórnar. Framkvæmdastjórnar fundi reglulega með forstöðumönnum síns sviðs þar sem farið væri yfir málefni sviðsins og annað sem efst væri á baugi hverju sinni. Þá séu fundargerðir framkvæmdastjórnar aðgengilegar á innri vef sjúkrahússins. Brugðist væri skjótt við málum sem upp kæmu á einstökum sviðum og á borð framkvæmdastjórnar. Starfsmenn væru reglulega upplýstir um framvindu stefnumála með pistlum forstjóra og framkvæmdastjóra og á fundum með stjórnendum. Þá hafi verið gerð grein fyrir framvindu stefnunnar 2005–10 í ársriti fyrir árið 2010.

Ríkisendurskoðun telur að Sjúkrahúsið á Akureyri hafi brugðist við ábendingunni frá árinu 2011 með þeim hætti að ekki sé þörf á að ítreka hana.

#### 4. Endurskoða þarf umsýslu tölvumála

Ríkisendurskoðun benti á að framkvæmdastjórn þyrfti að koma betur að því að skipuleggja og forgangsraða verkefnum tölvudeildar. Kanna ætti kosti þess að úthýsa rekstrinum til sérfræðinga á þessu sviði. Þá þyrfti að taka ytri vef sjúkrahússins til gagnerrar endurskoðunar.

Í viðbrögðum Sjúkrahússins á Akureyri við ábendingu Ríkisendurskoðunar árið 2011 kom fram að verkefnum tölvudeildar væri forgangsraðað á hverju ári í samvinnu hennar og framkvæmdastjórnar. Niðurstaða þeirrar forgangsraðunar væri sett fram í starfsemisáætlun hvers árs. Þó teldi sjúkrahúsið að auka mætti þetta samráð, auk þess sem það myndi kanna kosti og galla úthýsingar. Jafnframt kom fram að deildin hefði þegar verið færð til í skipuriti og heyrði eftir breytinguna undir framkvæmdastjóra lækninga. Vonaðist sjúkrahúsið til að með því að færa deildina undir klínískt svið yrðu boðleiðir styttri og stefnumörkun auðveldari og markvissari.

Samkvæmt upplýsingum sjúkrahússins árið 2014 heyrir tölvudeildin í nýju skipuriti undir framkvæmdastjóra lækninga og handlækningasviðs því tölvumál snúist sífellt meira um klínísk kerfi. Ráðgjafafyrirtæki hafi verið fengið til að gera úttekt á starfsemi deildarinnar og m.a. kannaður sá möguleiki að úthýsa þjónustunni. Niðurstaðan hafi verið að það væri ekki fýsilegt að svo stöddu. Ýmsar ábendingar hafi komið fram sem unnið væri með. Þá væri sjúkrahúsið að leggja lokahönd á stefnu sína í tölvu- og upplýsingatækni, auk þess sem það hefði endurskoðað ytri vef sinn og tekið í notkun nýja heimasíðu.

Árið 2014 hefur framkvæmdastjórn breytt starfsháttum sínum

Sjúkrahúsið hugðist taka tölvumál til skoðunar

Sjúkrahúsið hefur gert breytingar á tölvumálum og vinnur að stefnumótun

Ríkisendurskoðun telur að Sjúkrahúsið á Akureyri hafi brugðist við ábendingunni frá árinu 2011 með þeim hætti að ekki sé þörf á að ítreka hana.

## 5. Endurskoða þarf fyrirkomulag ferliverka

Ríkisendurskoðun benti á að endurskoða þyrfti fyrirkomulag ferliverka á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Sjúkrahúsið hafði gert samninga við tiltekna lækna sem kváðu á um að þeir gætu unnið hluta af vinnuskyldu sinni með ferliverkum og fengið greitt samkvæmt gjaldskrá. Þetta skapaði ójafnvægi milli lækna sem höfðu slíka samninga og hinna sem væru eingöngu á fastlaunasamningum. Ríkisendurskoðun benti á að ef framkvæmdastjórn sjúkrahússins teldi að vel athuguðu máli, og í samráði við velferðarráðuneyti, mikilvægt að bjóða læknum áfram upp á samninga um ferliverk væri engu að síður nauðsynlegt að fyrirkomulagið yrði endurskoðað, skýrar reglur settar um framkvæmdina og eftirfylgd þeirra tryggð.

Í viðbrögðum Sjúkrahússins á Akureyri við ábendingu Ríkisendurskoðunar árið 2011 kom fram að allir læknar sem ekki væru í fullu starfi við sjúkrahúsið gætu óskað eftir ferliverkasamningi. Með tímanum hefði skapast ákveðið ójafnvægi milli fastlaunaðra lækna og þeirra sem þæðu greiðslur fyrir ferliverk. Taldi sjúkrahúsið eðlilegt að endurskoða fyrirkomulagið svo fremi sem þjónusta við sjúklinga væri tryggð og læknar fengjust til starfa. Þá sagði sjúkrahúsið að skýrar reglur giltu um slíka samninga og eftirfylgd þeirra.

Í upplýsingum sjúkrahússins til Ríkisendurskoðunar árið 2014 kom fram að fyrirkomulag ferliverka væri með svipuðu sniði og áður. Hluti lækna væri með samninga við sjúkrahúsið um ferliverk samhliða því að vera í hlutastarfi, 80% eða minna. Í janúar 2014 væru 11 sérfræðingar af 52 fastráðnum með slíka samninga og hefði hlutfall þeirra lækkað frá því sem áður var. Í fáeinum tilvikum væri sjúkrahúsið með samninga við Sjúkratryggingar Íslands vegna ferliverka sem unnin væru á sjúkrahúsinu, einkum í tengslum við komur lækna sem ekki væru búsettir á svæðinu eða þjónustu sem ella væri ekki veitt þar. Læknar fengju þá ýmist greitt eftir gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands eða væru á föstum launum. Fram kom að sjúkrahúsið teldi æskilegt að haga ráðningarsambandi og vinnu sérfræðilækna þannig að þeir væru annað hvort á föstum launum við sjúkrahúsið eða störfuðu sem verktakar, þ.e. væru með samninga um ferliverk. Núverandi aðstæður byðu þó ekki upp á einhliða breytingar vegna þess hve framboð á sérfræðilæknum væri takmarkað og nýliðun treg. Leiðarljós sjúkrahússins væri að fá lækna til starfa og tryggja þannig þjónustu við sjúklinga.

Ríkisendurskoðun fellst á skýringar Sjúkrahússins á Akureyri varðandi ferliverk og telur að það hafi brugðist við ábendingunni frá árinu 2011 með þeim hætti að ekki sé þörf á að ítreka hana.

## Ábending til Embættis landlæknis

### 1. Gera verður úttekt á öryggi sjúklinga á Sjúkrahúsinu á Akureyri

Ríkisendurskoðun benti á að vegna viðvarandi læknaskorts á Sjúkrahúsinu á Akureyri kynni öryggi sjúklinga að vera ógnað. Stofnunin hvatti Embætti landlæknis því til að gera úttekt á því hvort mönnun deilda, einkum varðandi lækna, uppfyllti faglegar öryggiskröfur og gera tillögur að úrbótum ef þörf krefði. Þá þyrfti m.a. að tryggja að

Sjúkrahúsið taldi eðlilegt að endurskoða fyrirkomulag ferliverka

Aðstæður bjóða ekki upp á einhliða breytingar á ferliverkasamningum

lögbundin skráning í sjúkraskrá sjúklinga væri fullnægjandi og að sjúklingar fengju örugga og góða heilbrigðisþjónustu.

Í viðbrögðum Embættis landlæknis við ábendingunni árið 2011 kom fram að það myndi gera úttekt á starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri sem tæki til gæða þjónustunnar, innri gæðastjórnunar, mönnunar og öryggis sjúklinga og starfsmanna. Þá myndi það fá upplýsingar um raunmönnun á deildum eftir fagstéttum á fjögurra ára tímabili (læknar, hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar) og fara yfir starfsemistölur sjúkrahússins. Endurinnlagnir yrðu kannaðar en þær væru einn mælikvarði á öryggi sjúklinga, sem og umfang starfseminnar sem segði til um mannaflapörf. Þá yrði farið yfir kvartanir notenda. Loks yrðu skráð atvik yfirfarin, bæði vegna sjúklinga og starfsmanna. Enn fremur kom fram að Embætti landlæknis hefði frá árinu 2009 fylgst með niðurskurði hjá heilbrigðisstofnunum og að það hefði ekki gert athugasemdir við aðgerðir stjórnenda Sjúkrahússins á Akureyri í þeim efnum. Embættið kvaðst ætla að fara yfir þessa og fleiri þætti í úttekt sinni á starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri og gefa út skýrslu að henni lokinni.

Embætti landlæknis hugðist gera úttekt á starfsemi sjúkrahússins

Þegar Ríkisendurskoðun leitaði eftir upplýsingum um hvernig Embætti landlæknis hefði brugðist við ábendingunni frá árinu 2011 kom fram að það hefði gert úttekt á Sjúkrahúsinu á Akureyri árið 2012. Kannaðir hafi verið þættir sem vörðuðu stefnu, þjónustu, mannauðsmál, gæði, öryggi, skráningu, atvik, kvartanir og húsnæði. Skýrsla vegna úttektarinnar barst Ríkisendurskoðun í janúar 2013. Embætti landlæknis væntir þess að niðurstöður úttektarinnar verði sjúkrahúsinu hvatning til góðra verka. Það mun fylgja henni eftir með því að heimsækja sjúkrahúsið og funda með framkvæmdastjórn þess. Ábendingar Embættis landlæknis lutu m.a. að því að tryggja þyrfti að stefnumótun, framtíðarsýn og gæðamál næðu fram að ganga með markvissum aðgerðum. Þá þyrfti að endurskipuleggja geðheilbrigðisþjónustu sjúkrahússins byggt á greiningu á þörf fyrir slíka þjónustu á Norður- og Austurlandi. Huga þyrfti að biðtíma og mönnun til að tryggja faglega samfellu í þjónustu og taka upp viðeigandi forgangsröðunarkerfi á slysa- og bráðamóttöku. Einnig þyrfti að rýna niðurstöður starfsmannakönnunar, einkum varðandi mönnun og álag. Loks yrði að vinna áfram að gerð og innleiðingu verkferla á öllum deildum sjúkrahússins. Skýrsluna má finna á heimasíðu Embættis landlæknis: [Sjúkrahúsið á Akureyri. Úttekt á gæðum og öryggi þjónustu.](#)

Úttekt Embættis landlæknis var unnin árið 2012

Ríkisendurskoðun fagnar úttekt Embættis landlæknis og telur að það hafi brugðist við ábendingunni frá árinu 2011 með þeim hætti að ekki sé þörf á að ítreka hana.





Ríkisendurskoðun - Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 - 125 Reykjavík  
Sími 569-7100  
[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) - [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)